

# Starfsreglur

## Tilnefningarnefnd Origo hf.

1. gr.

### Tilgangur

Tilgangur tilnefningarnefndar Origo hf. er að tilnefna frambjóðendur til setu í stjórn félagsins á aðalfundi. Með tilkomu nefndarinnar er áhersla lögð á að auka gagnsæi í kjöri stjórnarmanna í samræmi við góða stjórnarhætti. Nefndin á að leggja áherslu á að viðeigandi og fjölbreytt hæfni, reynsla, þekking og bakgrunnur stjórnarmanna og stjórnar sem heild sé til grundvallar við tilnefningu á stjórnarmönnum.

2. gr.

### Skipan og samsetning

Tilnefningarnefnd er samansett af þremur einstaklingum. Nefndarmenn skulu kosnir/skipaðir til eins árs í senn. Stjórn Origo hf. skal tilnefna einn nefndarmann, en tvo nefndarmenn skal hluthafafundur Origo hf. kjósa á aðalfundi félagsins. Fulltrúi stjórnar í tilnefningarnefnd getur ekki verið formaður nefndarinnar. Nefndarmenn skulu valdir með hliðsjón af þekkingu og reynslu sem skal vera í samræmi við verkefni nefndarinnar. Meiri hluti nefndarinnar skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess.

Fyrirkomulag samþykktar um kosningu stjórnarmanna og um framkvæmd kosningar, skal gilda um kosningu nefndarmanna í tilnefningarnefnd.

Tilnefningarnefnd skiptir með sér verkum.

3. gr.

### Hlutverk og ábyrgðarsvið

Tilnefningarnefnd metur frambjóðendur til stjórnar og tilnefnir með áherslu á að viðeigandi og fjölbreytt hæfni, reynsla og þekking sé fyrir hendi hjá stjórnarmönnum og stjórn.

Tilnefningarnefnd óskar eftir tillögum frá hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund og auglýsir eftir framboðum opinberlega. Tillögur nefndarinnar með viðeigandi rökstuðningi skulu aðgengilegar fyrir aðalfund.

Framboðsfrestur og tilkynningar um framboð fara að öðru leyti samkvæmt IX. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995.

*Verkefni nefndarinnar eru eftirfarandi:*

- i) Hafa umsjón með árangursmati stjórnar.
- ii) Leggja mat á samsetningu, stærð og árangur stjórnar, m.a. með tilliti til kynjahlutfalls.
- iii) Meta tilvonandi stjórnarmenn út frá hæfni, reynslu og þekkingu.
- iv) Meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna.
- v) Undirbúa og leggja fram tillögu um frambjóðendur til stjórnar á aðalfundi félagsins.
- vi) Upplýsa tilvonandi stjórnarmenn um þá ábyrgð sem fólgin er í stjórnarsetu fyrir félagið.

4. gr.

#### **Skipulag og starfshættir**

Nefndin skal halda að lágmarki þrjá fundi á ári. Nefndin skal þar að auki funda með einstökum stjórnarmönnum, stjórn og framkvæmdastjórn.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum hennar og tilnefnir fundarritara. Fundargerðir og fylgiskjöl skulu vistaðar rafrænt með aðgengilegum hætti fyrir alla nefndarmenn.

Nefndin er ákvörðunarbær þegar meiri hluti sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður með minnst tveggja daga fyrirvara. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum, en lögð er áhersla á að nefndin komist að sameiginlegri niðurstöðu í mikilvægum málum.

5. gr.

#### **Heimildir og aðgengi að gögnum**

Nefndin hefur víðtækan aðgang að gögnum sem tengjast störfum hennar. Nefndin hefur heimild, gerist þess þörf, til að leita eftir aðstoð stjórnarmanna, starfsmanna félagsins og óháðra ráðgjafa.

6. gr.

#### **Þagnar- og trúnaðarskylda**

Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni fyrirtækisins, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt látið sé af störfum.

7. gr.

#### **Gildistaka**

Starfsreglur tilnefningarnefndar skulu endurskoðaðar af stjórn og tilnefningarnefnd árlega og taka gildi með undirritun stjórnar.

22. október 2018